




Félagsráðgjafafélag Íslands
The Icelandic Association of Social Workers

SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsárið 2024-2025

Steinunn Bergmann, formaður
Kristín Þórðardóttir, varaformaður
Arndís Tómasdóttir, gjaldkeri
Hafdís Gerður Gísladóttir, ritari
Ásta Kristín Benediktsdóttir, meðstjórnandi
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, meðstjórnandi
Valgerður Halldórsdóttir, meðstjórnandi



Efnisyfirlit

<i>Fjöldi félagsfólks 2024</i>	3
<i>Starfsfólk Félagsráðgjafafélags Íslands 2024</i>	3
<i>Áherslur stjórnar 2024-2025</i>	3
<i>Starf fagdeilda og landshlutadeilda FÍ starfsárið 2024-2025</i>	4
<i>Starf nefnda FÍ starfsárið 2024-2025</i>	4
<i>Starf aðgerðahóps FÍ starfsárið 2024-2025</i>	4
2. Fundir og móttökur	4
<i>Fundir stjórnar</i>	4
<i>Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands 2024</i>	4
<i>Móttaka félagsráðgjafanema og samstarf við Félagsráðgjafardeild HÍ</i>	5
<i>Boð fyrir félagsráðgjafa á eftirlaunum</i>	5
3. Kjara- og vinnumarkaðsmál	5
<i>Kjaraviðræður</i>	5
<i>Starfsmat og stofnanasamningar</i>	5
<i>Vinnumarkaðsmál</i>	5
4. Tímarit félagsráðgjafa	6
5. Fagpólitíkin	6
<i>Umsagnir um þingmál og frumvörp</i>	6
<i>Ályktanir og umsagnir um skýrslur og stefnumál</i>	7
<i>Fundir með ráðherrum, fulltrúum ráðuneyta og stjórnendum í velferðarþjónustu</i>	8
6. Erlent samstarf	8
<i>NSSK (Nordisk socionomers samarbets kommité)</i>	8
<i>IFSW (International Federation of Social Workers) og IFSW Europe</i>	8
7. Fræðsla og ráðstefnur	9
<i>Félagsráðgjafafélag 2025</i>	9
<i>Málþing og morgunverðarfundir</i>	9
<i>Málstofur og aðrir viðburðir</i>	11
<i>Þátttaka formanns FÍ á ýmsum viðburðum</i>	11
<i>Samstarf við Endurmenntun HÍ</i>	12
8. Tillögur og áætlanir um störf félagsins 2025-2026	12

1. Almenn um Félagsráðgjafafélag Íslands

Fjöldi félagsfólks 2024

Alls voru 653 félagar í Félagsráðgjafafélagi Íslands í lok árs 2024. Félagsráðgjafar með stéttarfélagsaðild voru 566 og 87 með fagaðild, lífeyrisaðild eða nemeaðild. Konur eru um 95% félagsfólks.

Starfsfólk Félagsráðgjafafélags Íslands 2024

Steinunn Bergmann formaður í 100% starfi, Sveindís Anna Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfi til 1. júní 2024 og María Björk Ingvadóttir framkvæmdastjóri frá 1. september 2024.

Áherslur stjórnar 2024-2025

Kjarasamningar losnuðu 31. mars 2024 og voru kjaraviðræður í forgrunni á tímabilinu. Stjórnarfundir voru bæði rafrænir og á staðnum, sama á við um viðræður vegna stofnanasamninga og annarra kjaramála, fundir með félagsfólki og fræðsla sem og samstarf við BHM, önnur aðildarfélög og Félagsráðgjafardeild HÍ. Skýrsla stjórnar gefur yfirlit yfir störf félagsins en hér eru helstu verkefni dregin fram:

Stéttarfélagið. Kjarasamningar voru undirritaðir í lok árs 2024 og byrjun 2025 með gildistíma til 31. mars 2028. Áfram hefur verið unnið að útfærslu bókana vegna starfsumhverfis félagsráðgjafa sem miða að því að skilgreina og þróa viðmiðunarmörk fyrir umfang í störfum félagsráðgjafa til að tryggja gæði þjónustunnar.

Sýnileiki félagsráðgjafar. Áhersla hefur verið á umsagnir um þingmál og frumvörp auk funda með ráðherrum og stjórnendum í velferðarþjónustu. Félagið hefur einnig tekið þátt í verkefnum á vegum annarra aðila. Viðburðir á vegum félagsins auka sýnileika stéttarinnar þar sem leitast er við að vekja athygli fjölmiðla. Fagdeild í barnavernd var með starfsdag í október, fagdeild í áfengis- og vímuefnamálum hélt málþing í október og fagdeild fjölmenningsfélagsráðgjafa í nóvember 2024 í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands. Félagið var með aðventufund í tengslum við alþjóða mannréttindadaginn 10. desember í samstarfi við fagdeildir félagsráðgjafa í áfengis- og vímuefnamálum, barnavernd, fræðslu- og skólamálum og heilbrigðiþjónustu. Fjallað var um mannréttindi barna sem glíma við fíkní- og /eða alvarlegan hegðunarvanda. Nánar er fjallað um viðburði á bls. 9-11.

Félagsráðgjafaping. Félagsráðgjafaping 2025 var haldið 21. febrúar 2025 og sem fyrr í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Félagsráðgjöf á gervihnattaöld* og var dagskráin fjölbreytt sem fyrr, sjá nánar umfjöllun um þingið á bls. 8.

Alþjóðadagur félagsráðgjafar. Í tilefni af Alþjóðadegi félagsráðgjafar 18. mars 2025 var vinnusmiðja í umsjá Siðanefndar undir yfirskriftinni *Frá grasrót til gervigreindar* auk þess sem formaður FÍ birti grein á visir.is. Þema Alþjóðadags félagsráðgjafar 2025 er *Að efla samstöðu milli kynslóða fyrir varanlega vellíðan*, sjá nánar á bls 11.

Efling starfs fagdeilda og aukin áhersla á fræðslu á vegum FÍ. Stjórn fundaði með fagdeildum í október 2024 þar sem farið var yfir starfsemi fagdeildanna og fræðsluáætlun FÍ. Leitað er til fagdeilda vegna fræðsluviðburða, umsagna og fleira.

FÍ hefur stutt við innleiðingu Signs of Safety innan barnaverndar í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands til að efla félagsráðgjöf innan barnaverndar. Formaður FÍ er í stýrihópi vegna

verkefnisins ásamt fulltrúum ofangreindra stofnana. Áætlað er að innleiðing hefjist á árinu 2025 en verkefnið er í samræmi við framkvæmdaráætlun á sviði barnaverndar til ársins 2026.

Starf fagdeilda og landshlutadeilda FÍ starfsárið 2024-2025

Fagdeildirnar eru mjög mikilvægar í öllu starfi félagsins. Markmiðið er að fagdeildir standi árlega fyrir fræðsluviðburði/um og haldi erindi á Félagsráðgjafafingi. Einnig eru fagdeildirnar flestar með Facebook hóp til að halda utan um starf sinnar deildar, kynna viðfangsefni hennar fyrir félagsfólki og efla umræðu á viðkomandi málsviði. Fagdeildir geta fengið aðstoð frá skrifstofu við að undirbúa fræðslufundi og sækja um styrk til Starfsþróunarseturs vegna þeirra.

Innan félagsins starfa 12 fagdeildir og voru þær flestar með málstofu á Félagsráðgjafafingi. Tvær fagdeildir voru með viðburð í október og ein í nóvember í samstarfi við félagið eins og áður hefur komið fram. Auk þess komu nokkrar fagdeildir að undirbúningi aðventufundar FÍ. Sjá nánar umfjöllun um málþing og morgunverðarfundi á bls. 9-10.

Nokkrar fagdeildir hafa komið að gerð ályktana og umsagna á vegum félagsins auk eftirfylgni með þeim, svo sem með þátttöku á fundum og fjölmiðlaumfjöllun. Landshlutadeildirnar eru fimm; Suðurland, Norðurland, Austurland, Vesturland og Suðurnes. Nánari upplýsingar um störf fagdeilda og landshlutadeilda eru að finna í skýrslum þeirra sem fylgja aðalfundargögnum á vefsíðu félagsins.

Starf nefnda FÍ starfsárið 2024-2025

Í Félagsráðgjafafélagi Íslands eru tvær fastanefndir, siðanefnd og vísindanefnd. Siðanefnd stóð fyrir vinnusmiðju á Alþjóðadegi félagsráðgjafar eins og fram hefur komið. Verkefni Vísindanefndar fólust í umsýslu með umsóknir og úthlutun styrkja úr B-hluta sjóðsins auk greiðslu A-hluta í samstarfi við skrifstofu félagsins. Veittir voru tveir styrkir úr B-hluta Vísindasjóðs. Í skýrslum nefndanna má sjá yfirlit yfir störf þeirra á starfsárinu.

Starf aðgerðahóps FÍ starfsárið 2024-2025

Aðgerðahópur var skipaður árið 2022 í samræmi við ákvörðun aðalfundar það ár en hópurinn hefur meðal annars það hlutverk að hvetja félagsráðgjafa til þess að láta til sín taka í samfélagsmálum. FÍ leitaði til aðgerðahópsins vegna undirbúnings Alþjóðabaráttudags kvenna 8. mars og tók félagið þátt í viðburði Menningar og friðarsamtakana MFÍK líkt og fyrri ár.

2. Fundir og móttökur

Fundir stjórnar

Stjórn fundar að jafnaði mánaðarlega á þriðjudögum, tvo tíma í senn. Einnig hefur stjórn samskipti í gegnum síma og tölvupóst varðandi einstaka málefni. Haldnir voru tíu stjórnarfundir á þessu starfsári sem voru almennt í húsnæði FÍ og rafrænir en í sumum tilvikum einungis rafrænir. Starfsdagur stjórnar var haldinn 13. september 2024 í Sjávarklassanum.

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands 2024

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands var haldinn 11. apríl 2024 í Borgatúni 27 og í fjarfundi. Alls tóku 12 félagsráðgjafar þátt í fundinum, 10 voru mættir á staðinn og tveir í fjarfundi. Á fundinum voru skýrslur stjórnar og nefnda lagðar fram, ársreikningar félagsins kynntir auk fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar. Lagt var til óbreytt stéttarfélagsgjald 1,0% og fagfélagsgjald kr. 16.000,- á ári, sem var samþykkt. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

Kosið var í þrjár stöður í stjórn félagsins, þrjár stöður í siðanefnd og tvær í vísindanefnd. Jafnmörg framboð bárust og var sjálfkjörið í allar stöður.

Móttaka félagsráðgjafanema og samstarf við Félagsráðgjafardeild HÍ

Félagsráðgjafafélag Íslands leggur áherslu á tengsl við nemendur í félagsráðgjöf og kemur formaður inn í kennslu félagsráðgjafanema sem eru að útskrifast til að kynna félagið og starfsemi þess. Hefur þessi kynning á félaginu gefið góða raun og skila flestir nýútskrifaðir félagsráðgjafar sér inn í félagið að útskrift lokinni. Árlega býður Félagsráðgjafafélag Íslands útskriftarnemum úr Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands (HÍ) í móttöku þar sem þeir undirrita meðal annars eiðstaf félagsráðgjafa. Móttakan var haldin 21. júní 2024 í Borgartúni 27 þar sem stór hluti nema mættu ásamt kennurum deildar, starfsþjálfunarkennurum auk stjórnar FÍ og tókst afar vel.

Félagsráðgjafaþing og fleiri fræðslufundir eru unnir í samstarfi félags og deildar auk þess sem starfsfólk FÍ og deildarforseti Félagsráðgjafardeildar HÍ funda reglulega.

Formaður FÍ kynnti félagið fyrir fyrsta árs nemum í félagsráðgjöf 4. september 2024.

Boð fyrir félagsráðgjafa á eftirlaunum

Félagið hélt boð fyrir félagsráðgjafa sem eru komnir á eftirlaun 10. desember 2024. Alls mættu 11 félagsráðgjafar sem kunnu vel að meta tækifærið til að hitta félagana og efla tengsl við félagið.

3. Kjara- og vinnumarkaðsmál

Kjaraviðræður

Kjarasamningar við Samband íslenskra sveitarfélaga var undirritaður 28. nóvember 2024, ríki 19. desember og Reykjavíkurborg 10. janúar 2025 og gilda til 31. mars 2028. Kjarasamningur við samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) var undirritaður 4. febrúar 2025 en felldur af félagsfólki og viðræður hafa verið teknar upp að nýju. Viðræður standa yfir við Samtök Atvinnulífsins í samstarfi við önnur aðildarfélög BHM. Á tímabilinu voru mánaðarlegir rafrænir fundir eru með trúnaðarmönnum sem gegna mikilvægu hlutverki sem bakhópur fyrir samninganefnd FÍ.

Starfsmat og stofnanasamningar

Starfsmat hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum er viðvarandi verkefni þar sem ný störf koma til eða eldri störf endurmetin. Vinna við stofnanasamninga var takmökkuð á starfsárinu þar sem stofnanir vildu bíða niðurstöðu miðlægra samninga og niðurstöðu úr öðrum hluta áfangasamkomulags um jöfnun launa skv. 7. gr. í samkomulagi frá árinu 2016 vegna breytinga á lífeyrisréttindum.

Vinnumarkaðsmál

Eftirspurn eftir félagsráðgjöfum eykst stöðugt og reglulega berast félaginu beiðnir um að auglýsa störf félagsráðgjafa laus til umsóknar, einnig stjórnendastörf. Hvetur stjórn félagsráðgjafa til þess að sækja um stjórnendastöður þar sem félagsráðgjöf er megininntak starfs svo stéttin hverfi ekki úr stjórnun í félagsþjónustu og barnavernd. Margir nýta sér að auglýsa í gegnum félagið og eru auglýsingar sendar á póstlista félagsins og einnig birtar á Facebook síðu þess. Félagsfólk er hvatt til þess að fylgjast með atvinnuauglýsingum og koma á framfæri við félagið svo hægt sé að deila þeim á Facebook síðu þess hafi vinnuveitandi ekki óskað eftir auglýsingu frá félaginu. Jafnframt er félagsfólk hvatt til að halda vöku yfir störfum

þar sem auglýst er eftir ráðgjafa en ekki félagsráðgjafa þar sem félagsráðgjöf er meginverkefni starfs, svo félagið geti sent athugasemdir til vinnuveitandans. Talsvert er um að félagsfólk leiti til félagsins með margvísleg málefni er varðar túlkun á kjarasamningi og vinnuaðstæður auk annarra mála.

4. Tímarit félagsráðgjafa

Ritstjórn Tímarits félagsráðgjafa er skipuð tveimur ritstjórum, dr. Guðný Björk Eydal ritstjóri ritrýndra greina og María Björk Ingvadóttir tók við sem ritstjóri annars efnis 1. september 2024 af Sveindísi Önnu Jóhannsdóttur. Chien Tai Shill og Herdís Björnsdóttir félagsráðgjafar eru einnig í ritstjórn og Steinunn Bergmann, formaður FÍ er ábyrgðarmaður tímaritsins. Hefur ritstjórn lagt áherslu á að efla þátttöku félagsfólks í ritun þess með birtingu almennra greina, stuttra fréttu og greina af vettvangi félagsráðgjafa. Hefur gengið vel að fá inn efni í tímaritið eins og fyrri ár. Dregið hefur úr prentuðu upplagi tímaritsins en það kom úr prentun 21. júní 2024 og sent til félagsfólks sem óskuðu eftir því. Tímaritið er aðgengilegt á vefsíðu félagsins <https://felagsradgjof.is/timarit-felagsradgjafa/utgafa/>

5. Fagpólitíkin

Umsagnir um þingmál og frumvörp

Stjórn FÍ leggur áherslu á að skrifa umsagnir um þingmál og frumvörp til laga sem félaginu berast. Umsagnarbeiðnir berast oft með mjög litlum fyrirvara og oft á tíðum þarf að leita þekkingar út fyrir stjórn félagsins auk þess sem það er stefna stjórnar að virkja fleiri félagsráðgjafa á þessum fagpólitíska vettvangi. Leitar stjórn til fagdeilda um aðkomu að ritun umsagna og eftirfylgd þeirra á fundum málefnanefnda Alþingis ef málefnið snertir sérsvið þeirra. Einnig er kallað til félagfólks vegna einstakra mála.

Umsagnir voru ritaðar á starfsárinu um eftirtalin 14 þingmál og lagafrumvörp sem liggja fyrir Alþingi Íslands eða eru í undirbúningi:

- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 144 – 144. mál
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1290 – 864. mál. Stjórnarfrumvarp
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1949 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 131 – 131. mál
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum, nr. 71/1997 (naðungarvistanir, yfirlögráðendur o.fl.). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1370 – 925. mál. Stjórnarfrumvarp
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, og lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009 (heilbrigðisskrár). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1352 – 907. mál. Stjórnarfrumvarp
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, og lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009 (heilbrigðisskrár)

- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um neyðargeðheilbrigðisteymi og fræðslu viðbragðsaðila. 155. löggjafarþing 2024- 2025. Þingskjal 236 - 235. mál
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga (eingreiðsla). 155. löggjafarþing 2024-2025. Þingskjal 28 – 28. mál
- Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga. 155. löggjafarþing 2024-2025. Þingskjal 221 – 220. mál
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (sameiginleg vernd). 155. löggjafarþing 2024-2025. Þingskjal 309 – 302. mál. Stjórnarfrumvarp
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum. 155. löggjafarþing 2024-2025. Þingskjal 75 - 75. mál
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (réttur til sambúðar). 155. löggjafarþing 2024-2025. Þingskjal 79 - 79. mál
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um dánaraðstoð. 155. löggjafarþing 2024-2025. Þingskjal 76 - 76. mál
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, og lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009 (heilbrigðisskrár). 156. löggjafarþing 2025. Þingskjal 2 – 2. mál. Stjórnarfrumvarp

Í kjölfar umsagna tók félagið þátt í fjölmörgum fundum allsherjar- og menntamálanefndar og velferðarnefndar Alþingis.

Ályktanir og umsagnir um skýrslur og stefnumál

Stjórn FÍ leggur jafnframt áherslu á að skrifa umsagnir um reglugerðir, skýrslur og stefnumál á vegum ráðuneyta auk þess að setja fram yfirlýsingar, áskoranir eða ályktanir um álitamál. Eins og að ofan greinir þarf oft á tíðum að leita þekkingar út fyrir stjórn félagsins.

Á starfsárinu voru ritaðar fimm umsagnir við drög að reglugerðum ofl.:

- Umsögn við drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi. Mál nr. S-92/2024.
- Umsögn við drög að reglugerð um iðgjald vegna sjúklingatryggingar mál nr. S-227/2024
- Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi)
- Breytingar á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi nr. 1088/2012.
- Umsögn við Grænbók um stöðu ADHD mála á Íslandi. Mál nr. S-246/2024

Á starfsárinu sendi félagið frá sér eða tók þátt í yfirlýsingum, áskorunum eða mótmælum:

- FÍ, IPÍ og ÞÍ sendu yfirlýsingu 26. júní 2024 þar sem tekið var undir yfirlýsingu Þroskahjálpar frá 16. júní þar sem skorað var á stjórnvöld vegna palestínskis drengs með langvinnan sjúkdóm og 30. júní auglýsti FÍ samstöðufund hagsmunasamtaka vegna hans. Þá undirritaði formaður FÍ stuðningsyfirlýsingu 31. júlí og var samstöðufundur þann 27. ágúst.

- FÍ sendi í samstarfi við fleiri heilbrigðisfélög og félög sem vinna að forvörnum, áskorun til yfirvalda 26. ágúst 2024 vegna netsölu áfengis
- FÍ tók undir mótmæli þroskahjálpar á vegna framkvæmdar brottvísunar 11 ára palestínsks drengs með langvinnan sjúkdóm og hvatti félagsfólk til að mæta á samstöðufund fyrir utan ríkisstjórnarfund. Hætt var við brottvísun og niðurstaðan að drengurinn og fjölskylda fengu málsmeðferð hér á landi vegna umsóknar um alþjóðlega vernd og viðbótarvernd sem var staðfest 8. september 2024.
- FÍ tók þátt í áskorun fleiri heilbrigðisstétta til stjórnvalda um að tryggja viðeigandi þjónustu við ungt fólk sem hefur notið þjónustu Janus endurhæfingar með skoðanagrein dags. 19. mars 2025.

Fundir með ráðherrum, fulltrúum ráðuneyta og stjórnendum í velferðarþjónustu

Á starfsárinu var óskað eftir fundum með dómsmálaráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra, heilbrigðisráðherra og mennta- og barnamálaráðherra en sökum anna hjá ráðherrum hefur ekki orðið af fundum. Áætlaður er fundur með félags- og húsnæðismálaráðherra 14. maí nk.

- Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með fulltrúum Tryggingastofnunar 5.9 þar sem rætt var um undirbúning kynninga á lagabreytingum á örorku- og endurhæfingarlífeyriskerfinu sem taka gildi 1. september 2025.
- Formaður fundaði með sérfræðingum í Dómsmálaráðuneytinu 17. mars ásamt Jódísi Bjarnadóttur fulltrúa fagdeildar í fjölmenninu þar sem rætt var um félagsráðgjöf á málavíði ráðuneytisins.
- Formaður FÍ og formaður Siðanefndar funduðu 27. mars með fulltrúum Embættis landlæknis þar sem rætt var um hlutverk embættisins varðandi kvartanir og eftirlit með heilbrigðisstarfsfólki.

6. Erlent samstarf

NSSK (Nordisk socionomers samarbets kommité)

Félagsráðgjafafélag Íslands er aðili í NSSK, norrænum samtökum félagsráðgjafafélaga. Samtökin funda tvisvar á ári, að vori og haust, en fundað var í Þrándheimi Noregi dagana 3. – 4. október 2024 og Helsinki Finnlandi dagana 27. – 28. febrúar 2025. Á fundunum var meðal annars rætt um vinnuumhverfi félagsráðgjafa, gervigreind og nám í félagsráðgjöf.

IFSW (International Federation of Social Workers) og IFSW Europe

Félagsráðgjafafélag Íslands er meðlimur í IFSW og IFSW Europe en samtökin skipuleggja m.a. heimsráðstefnu félagsráðgjafa, Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa og alþjóðadag félagsráðgjafa sem fagnað er þriðja þriðjudag í mars ár hvert. Í tengslum við ráðstefnurnar eru haldnir fulltrúaráðsfundir með þátttöku aðildarfélaga.

Formaður tók þátt í fundi Evrópusamtakana í Lissabon dagana 25. – 27. október 2024.

Alþjóðasamtökin og Evrópusamtökin hafa staðið fyrir fjölmörgum rafrænum fræðslufundum á tímabilinu.

7. Fræðsla og ráðstefnur

Félagsráðgjafaping 2025

Félagsráðgjafapíngið var á sínum stað 21. febrúar 2025 og sem fyrr í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Félagsráðgjöf á gervihnattaöld* og var dagskráin fjölbreytt líkt og fyrri ár. Tókst þingið afar vel og voru þátttakendur 375. Formaður FÍ opnaði þingið og því næst flutti María Kristjánsdóttir félagsráðgjafi ávarp í forföllum Heiðu Bjargar Hilmisdóttur formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. Síðan tilkynnti formaður Vísindanefndar FÍ um styrkveitingar úr sjóðnum. Aðalfyrirlesarar voru þær Geraldine Nosowska, fyrrv. formaður breska félagsráðgjafafélagsins og Steinunn Hrafnisdóttir prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ. Þá tók við pallborð þar sem lykilfyrirlesarar auk Maríu Rósar Skúladóttur og Sirrýjar Sifjar Sigurlaugardóttur ræddu áhrif gervigreindar á vinnumhverfi félagsráðgjafa undir stjórn Halldórs S. Guðmundssonar.

Eftir hádegi tóku við 17 málstofur þar sem félagsráðgjafar fjölluðu um fjölbreytt verkefni á vettvangi auk rannsókna, sem endurspeglar þá grósku sem býr innan stéttarinnar. Dagurinn endaði með móttöku í boði félagsins og Vísindanefndar.

Framkvæmdastjóri FÍ sá um samskipti við fjölmiðla en Ásthildur Ómarsdóttir kvikmyndagerðarkona tók upp viðtöl við formann FÍ, lykilfyrirlesara, nokkra sem voru með erindi á málstofum og almenna þátttakendur. Efnið var birt á facebook síðu félagsins meðan á þinginu stóð og vikurnar á eftir og er áhorf komið í um 30.000 sem er margfalt meira en fyrri þing. Útvarpsþátturinn samfélagið í nærmynd var tileinkaður þinginu og sendur út frá Hilton, viðtal var við formann og framkvæmdastjóra auk nokkurra fyrirlesara. Umfjöllun í Mannlega þættinum og morgunþætti rásar eitt.

Stjórn FÍ ákvað að þátttakendur fengju að gjöf músamottu með logo félagsins í tilefni þingsins.

Málþing og morgunverðarfundir

Fagdeild í barnavernd stóð fyrir starfsdegi í samstarfi við FÍ og Barna- og fjölskyldustofu á Nauthól 11. október 2024 þar sem fjallað var um Signs of Safety, Solihull og skaðaminnkandi nálgun. Alls voru 130 þátttakendur. Fundarstjórar voru Steinunn Bergmann formaður FÍ og Berglind Ósk Filippíudóttir talskona fagdeildar í barnavernd.

- Steinunn Bergmann formaður FÍ opnaði daginn
- Páll Ólafsson framkvæmdastjóri farsældarsviðs Barna- og fjölskyldustofu fjallaði um innleiðingu Signs of Safety á Íslandi
- Mahesh Prajapat fulltrúi Elia, alþjóðasamtaka um innleiðingu Signs of Safety fjallaði um SofS hugmyndafræðina
- Ophelia Mac-Kwashie fulltrúi Evrópusamtaka um innleiðingu Signs of Safety fjallaði um innleiðingu SofS í barnaverndarstarfi
- Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri barnaverndar á Akranesi og Berglind Ósk Filippíudóttir félagsráðgjafi í barnavernd í Mosfellsbæ komu með dæmi af vettvangi um notkun á SofS
- Gunnlaug Thorlacius, formaður Geðverndarfélags Íslands sagði frá Solihull aðferðinni
- Rakel Þorsteinsdóttir þroskaþjálfari, verkefnastjóri barna og fjölskyldumála hjá Keðjunni – þjónusta fyrir börn og fjölskyldur ræddi notkun Solihull aðferðarinnar á vettvangi
- Svala Jóhannesdóttir, fjölskyldufræðingur og faghandleiðari fjallaði um skaðaminnkandi nálgun í starfi

- Einnig voru hópumræður þar sem þátttakendur ræddu tækifæri og áskoranir varðandi innleiðingu á nýjum aðferðum í barnaverndarstarfi.

Málþing Félagsráðgjafafélags Íslands og fagdeildar félagsráðgjafa í áfengis- og vímuefnamálum var haldið 16. október 2024 á Grand hótél Reykjavík. Yfirskriftin var *Stoppað í götin* og fundarstjóri Sigmundur Guðmundsson þingmaður. Alls var 71 þátttakandi á staðnum og 100 tölvur tengdar við streymi þar sem margir vinnustaðir sameinuðust við eina tölvu. Upptaka af fundinum er aðgengileg og þegar komin 202 áhorf.

- Steinunn Bergmann formaður FÍ opnaði daginn
- Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra flutti ávarp
- Kristín I. Pálsdóttir kynnti vinnu starfshóps um stefnu í áfengis- og vímuefnamálum
- Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi fór yfir stöðu málaflokksins, ábyrgð, úrræðin, fræðin og hvert stefnir
- Helena Gísladóttir dagskrárstjóri ræddi stöðu einstaklinga fyrir og eftir meðferð á Krýsuvík
- Kristín Davíðsdóttir hjúkrunarfræðingur og Soffía Hjördís Ólafsdóttir félagsráðgjafi fóru yfir samstarf mismunandi stofnana og ræddu árangur og áskoranir
- Ísabella Björnsdóttir félagsráðgjafi og Sigfríð Ólafsdóttir félagsráðgjafi fjölluðu um konur með vímuefnavanda og heimilisofbeldi
- Guðmundur Ingi Þóroddsson formaður Afstöðu og Brynja Willum félagsráðgjafi ræddu stöðu fanga eftir afplánun
- Elísa Óðinsdóttir félagsráðgjafi fjallaði um vímuefnavanda foreldra innan barnaverndar
- Endað var á pallborðsumræðum með þátttöku fyrirlesara

Málþing var haldið 14. nóvember 2024 á Grand hótél Reykjavík í samstarfi við fagdeild fjölmenningsráðgjafafélags. Yfirskrift málþingsins var *Heimurinn er hér* og fundarstjóri María Björk Ingvadóttir framkvæmdastjóri FÍ. Alls voru 80 þátttakendur á staðnum og 25 tölvur tengdar við streymi þar sem margir vinnustaðir sameinuðust við eina tölvu. Upptaka af fundinum er aðgengileg og þegar komin 79 áhorf.

- Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands var með erindið: Breyttir tímar? Ný mannréttindastofnun og staða fólks í viðkvæmri stöðu
- Halla Björk Erlendsdóttir og Edda Ósk Thorarensen, sérfræðingar hjá Heimferða- og fylgdardeild Ríkislögreglustjóra voru með erindið: Leiðin heim
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Saga Stephensen verkefnastjórar fjölmenningsráðgjafa hjá Miðju máls og læsis, skóla og frístundarsviði Reykjavíkurborgar voru með erindið: Öruggr byrjun í nýju samfélagi fyrir börn á flótta
- Fathy Fílef, sérfræðingur í sálrænum stuðningi var með rafrænan fyrirlestur frá Palestínu og fjallaði um sálrænan stuðning á stríðstímum
- Reynslusaga af kerfinu á Íslandi, frásögn Spogmay Afrídi frá Afganistan
- Sólveig B. Sveinbjörnsdóttir og Björk Vilhelmsdóttir, félagsráðgjafar voru með erindið: Þjóðarmorð gegn Palestínu: Hvert er hlutverk félagsráðgjafa?
- Endað var á fyrirspurnum og umræðum

Aðventufundur félagsins var 10. desember 2024 á Grand hótél Reykjavík á alþjóða mannréttindadaginn. Fundurinn var haldin í samvinnu við fagdeildir félagsráðgjafa í áfengis- og vímuefnamálum, barnavernd, fræðslu- og skólamálum og heilbrigðisþjónustu. Yfirskrift fundarins var *Mannréttindi barna sem glíma við fíknis- og/eða alvarlegan hegðunarvanda*.

Fundarstjóri var Steinunn Bergmann formaður FÍ. Alls voru 80 þátttakendur á staðnum, margir fylgdust með streymi en upptaka af fundinum er aðgengileg og þegar komin 298 áhorf.

- Salvör Norðdal umboðsmaður barna flutti ávarp
- Funi Sigurðsson, framkvæmdastjóri meðferðarsviðs BOFS fjallaði um stöðu meðferðarmála
- Gunnlaug Thorlacius, yfirfélagsráðgjafi Landspítala ræddi þjónustu LSH
- Berglind Ósk Filippíudóttir, félagsráðgjafi hjá barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar var með erindið: Börnin okkar
- Guðmundur Fylkisson, lögreglumaður ræddi leit að börnum
- Halla Dröfn Jónsdóttir, félagsráðgjafi í Fjölbrotaskóla Suðurlands fór yfir tækifæri í skólafélagsráðgjöf
- Ragnheiður Lárusdóttir, foreldri og ljóðskáld las upp úr ljóðabók sinni *Veður í æðum*
- Endað var á fyrirspurnum og umræðum

Málstofur og aðrir viðburðir

Þann 22. júní 2024 stóð félagið að viðburði í tilefni af að 100 ár voru liðin frá dánardegi Ólafíu Jóhannsdóttur sem kölluð hefur verið „móðir Teresa norðursins“, í samstarfi við Bandalag kvenna í Reykjavík, Djáknafélag Íslands, Félagráðgjafardeild HÍ, Handleiðslufélag Íslands, Hvítabandið, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands og Mosfellsprestakall. Þátttakendur komu saman á Hallveigarstöðum og gengu að Hólavallakirkjugarði þar sem blómsveigur var lagður að leiði Ólafíu og síðan var boðið upp á veitingar á Hallveigarstöðum. Margar konur mættu í þjóðbúningi að hætti Ólafíu sem gekk alltaf um í peysufötum.

Félagsráðgjafafélag Íslands og Félagráðgjafardeild Háskóla Íslands, stóðu saman að málstofu 10. apríl 2025 með Hanne Glemmestad, prófessor frá Háskóla Innlandet í Noregi sem fjallaði um hamfarafélagsráðgjöf. Málstofan var húsnaði félagsins að Borgartúni 27, 2. hæð og einnig í streymi. Alls voru 12 þátttakendur, sex mættu á staðinn og sex voru í streymi.

Félagsráðgjafafélag Íslands og Siðanefnd stóðu fyrir málstofu í tengslum við Alþjóðadag félagsráðgjafar 18. mars 2025 og helgaðist dagskráin af yfirskrift alþjóðadagsins í ár, „Að efla samstöðu milli kynslóða fyrir varanlega vellíðan“ og þeim breytingum og vinnuaðferðum sem hafa orðið í faginu, frá grasrót til gervigreindar. Fundarstjóri var Thelma Eyfjörð Jónsdóttir nefndarkona í Siðanefnd. Alls mættu 10 þátttakendur á staðinn en 100 fylgdust með í streymi.

- Vilborg Oddsdóttir forkona Siðanefndar opnaði daginn
- Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emeritus og klíniskur félagsráðgjafi fjallaði um hvernig félagsráðgjafar mæta framandi áskorunum í rafrænni menningu samtímans hvað varðar kynslóðatengsl og breytta samskiptahætti innan fjölskyldu og utan
- Guðrún Helga Sederholm félagsráðgjafi ræddi gagnahlutdrægni gervigreindar
- María Rós Skúladóttir félagsráðgjafi og sérfræðingur á ráðgjafasviði KPMG fjallaði um framþróun í félagsráðgjöf
- Níkulás Guðnason Meistaraneimi í félagsráðgjöf var með erindið: Félagráðgjöf, leiðarljós eða leiðarendir í hraðri þróun gervigreindar?

Þátttaka formanns FÍ á ýmsum viðburðum

Formaður tók þátt í vinnufundi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála 8. nóvember 2024 um gæðastaðla í félagsþjónustu.

Formaður tók þátt í fundi breiðfylkingar heilbrigðisstarfsfólks með frambjóðendum til alþingiskosninga 2024 sem haldin var í húsnæði Sjúkraliðafélags Íslands 22. nóvember 2024 og í streymi.

Formaður tók þátt í Heilbrigðisþingi 28. nóvember 2024 á Hótel Reykjavík Nordica sem að þessu sinni bar yfirskriftina *Heilsugæslan, svo miklu meira...*

Formaður mætti í móttöku forseta Íslands að Bessastöðum 1. janúar 2025 þar sem stjórnendum innan stjórnsýslu og hagsmunasamtaka auk þingmanna var boðið í kjölfar árlegra orðuveitinga.

Formaður sótti málþing Félagsráðgjafardeildar HÍ og Öldrunarfræðafélag Íslands 17. janúar 2025 til heiðurs Sigurveigu H. Sigurðardóttur í tilefni starfsloka hennar.

Formaður sótti málstofu Umboðsmanns barna – Barnvæn réttarvarsla 26. mars þar sem kynnt var skýrsla um stöðuna en m.a. var rætt við ungmenntu sem hafa upplifað kerfið.

Samstarf við Endurmenntun HÍ

Endurmenntun býður félagsfólki FÍ afslátt af tilteknum námskeiðum í samræmi við samstarfssamning FÍ og Endurmenntunar HÍ (EHÍ) frá 2. janúar 2020.

8. Tillögur og áætlanir um störf félagsins 2025-2026

Eins og skýrsla stjórnar gefur til kynna hefur Félagsráðgjafafélag Íslands staðið fyrir mörgum verkefnum á liðnu ári og eru mörg verkefni viðvarandi og verður fram haldið á komandi starfsári, svo sem vinnu í tengslum við kjarasamninga og eftirfylgni þeirra auk þess að efla faglega ímynd félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafar er orðið fastur liður í dagskrá félagsins og hefst undirbúningur fyrir þing ársins 2026 strax á vormánuðum 2025. Nefndir og deildir sem starfa innan Félagsráðgjafafélags Íslands gegna lykilhlutverki í faglegu starfi félagsins og verður lögð áhersla á að efla störf þeirra.

Kjarasamningar við ríki, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg voru undirritaðir á starfsárinu sem gilda til 31. mars 2028. Viðræður standa yfir við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Samtök atvinnulífsins (SA). Vinna vegna bókana í kjarasamningum verður almennt unnin undir forystu BHM. Vinnu á grundvelli bókana vegna álags í starfi félagsráðgjafa verður haldið áfram og er þróun Málavogar í félagsþjónustu liður í því. Einnig verður samkomulag um áfanga að sérfræðileysi til skoðunar. Stofnanasamningar verða endurskoðaðir og starfsmat sveitarfélaga. Lögð verður áhersla á að halda áfram með reglulega rafræna fundi með trúnaðarmönnum sem er liður í að halda tengslum við félagsráðgjafa á vettvangi auk vinnustaðaheimsóknar.

Félagið flutti í leiguhúsnæði ásamt níu öðrum stéttarfélögum sem hafa komið sér vel fyrir en leigusamningur gildir til júlí 2025. Unnið er að því að framlengja leigusamningi í samræmi við leigutíma BHM og VISKA sem eru í sama húsi. FÍ er hluthafi í húsnæði BHM að Borgartúni 6 sem er í söluferli. Lögð verður áhersla á að birta fréttir úr starfi félagsins og viðburði á vefsíðu þess auk þess að birta efni á samskiptamiðlum. Áfram verður lögð áhersla á að efla starfsemi fagdeilda og landshlutadeilda auk þess að heimsækja félagsráðgjafa á fjölmönnum vinnustöðum.

Vinna þarf áfram með ímynd félagsráðgjafa, vinnuumhverfi og vinnuálag. Leita þarf eftir áframhaldandi umræðu meðal félagsmanna um hlutverk siðanefndar og leiða til að efla

málsvarahlutverk félagsráðgjafa og verður leitað til aðgerðahóps félagsins í þeirri vinnu. Áfram verður áhersla á að taka virkan þátt í starfsemi Bandalags háskólamanna (BHM) svo sem á formannaráðsfundum, fulltrúaráðsfundum og setu í margvíslegum nefndum á vegum þess. Auk samstarfs vegna eftirfylgni vegna kjarasamninga sem gilda til 31. mars 2028.

Félagið mun fylgjast áfram með lagafrumvörpum, þingsályktunum og öðrum aðgerðum stjórnvalda sem snerta félagsráðgjöf, auk þess að fylgjast áfram með innleiðingu nýrra laga um farsæld barna. Einnig verður óskað eftir fundum með yfirmönnum í velferðarþjónustu og ráðherrum sem koma að málavæðing félagsráðgjafa. Taka þarf upp samtal við VIRK vegna þjónustu sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa sem sinna meðferð og við Heilbrigðisráðuneytið vegna niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands á samtalsmeðferð félagsráðgjafa.

Unnin verður aðgerðaáætlun á grundvelli starfsáætlunar 2025-2026 og áform um að halda stefnumótunardag á starfsárinu. Þá verða breytingar á uppsetningu og prentun Tímarits félagsráðgjafa 2025 og prentað eintak sent til alls félagsfólks.

Þátttaka félagsins í norrænu samstarfi NSSK heldur áfram og í starfi Evrópusamtaka félagsráðgjafa (IFSW Europe) og Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW).

Að endingu er félagsfólki bent á að það er velkomið að koma hugmyndum á framfæri við stjórn félagsins sem tekur þær til umfjöllunar á fundum sínum.

f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

25. apríl 2025

Steinunn Bergmann

formaður